

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um starfsháttu örorkunefndar nr. 335 16. ágúst 1993 með síðari breytingum.

#### 1. gr.

6. gr., sbr. reglugerð nr. 19 4. janúar 1996, orðist svo:

Gjald fyrir álit samkvæmt 1. gr. greiðist í ríkissjóð og skal vera sem hér segir:

1. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss fyrir 1. maí 1999, kr. 100.000.
2. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss eftir 1. maí 1999 í tilvikum þar sem aðilar eru sammála um að leggja matsbeiðni fyrir örorkunefnd án undanfarandi mats annarra, kr. 100.000.
3. Gjald fyrir mat á afleiðingum slyss eftir 1. maí 1999, þar sem óskað er endurskoðunar á mati sem aðrir hafa framkvæmt, kr. 180.000.
4. Gjald fyrir mat í kjölfar beiðni um endurupptöku máls, kr. 60.000.  
Greiðsla skal fylgja beiðni um mat samkvæmt 1. – 4. tl. Sé beiðni um mat vísað frá skal endurgreiða þeim sem beiðið hefur um mat.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt heimild í 10 gr. skaðabótalaga nr. 50 19. maí 1993, sbr. lög nr. 37/1999, öðlast gildi 1. apríl 2005.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. mars 2005.*

**Björn Bjarnason.**

*Þorsteinn Geirsson.*